MENNING

Eiginkonan fær ekki aðalhlutverkið

Vaclav Havel deilir við tékkneska þjóðleikhúsið

MIKIÐ drama vermir tékkneska þjóðleikhúsið um þessar mundir. Vaclav Havel, leikskáld og fyrrum forseti landsins, hefur dregið til baka verk sem taka átti til sýninga þar á leikárinu, þar sem forsvarsmenn leikhússins telja sig ekki geta orðið við kröfu Havels um að Dagmar Havlova, eiginkona skáldsins til tíu ára, fari með aðalhlutverkið. Havel hefur sagt að hann hafi samið verkið sérstaklega fyrir Dagmar og fáist verkið ekki sett upp í þjóðleikhúsinu með henni í aðalhlutverki fari hann annað með verkið.

Lér og sjálfsævisagan

Vaclav Havel var þegar þjóðkunnur af leikverkum sínum árið 1989 þegar hann leiddi flauelsbyltinguna í landi sínu. Hann var forseti landsins til ársins 2004. Lítið hefur verið gefið upp um efni nýja leikritsins annað en að það byggist á hvoru tveggja, leikriti Shakespeares Lé konungi, og sjálfsævisögu skáldsins sjálfs. Plottið er sagt hverfast um háttsettan stjórnmálamann sem hyggst draga úr áhrifum sínum og völdum.

Frúin var skáldinu innblástur

Havel hefur í kjölfar ágreiningsins verið sakaður um yfirgang og ráðríki, en samkvæmt erlendum fréttamiðlum kveðst hann hafa lofað konu sinni að þau hefðu samstarf um uppsetningu verksins, og sagði að hún hefði verið honum mikill innblástur meðan á ritun þess stóð. Dagmar Havlova, sem er kunn gamanleikkona í heimalandi sínu, hefur sjálf dregið sig út úr ráðagerðum eiginmanns síns.

Forsvarsmaður þjóðleikhússins sagði reglur leikhússins ekki leyfa ráðningu gestaleikara. Leikhússtjórinn, Ondrej Cerny, hefur þó lýst sig reiðubúinn að taka aftur upp viðræður við Havel um uppfærslu verksins í sátt.

Tónlist


Írsk þjóðlagatónlist á Næsta bar í kvöld


Rósin okkar

ÍRSK stemning verður við völd á Næsta bar í kvöld, þegar Rósin okkar, fimm manna hljómsveit, stígur á pall og spilar írska þjóðlagatónlist. Í fréttatilkynningu frá hljómsveitinni segir að í þetta sinn hafi Rósin okkar valið einhver fallegustu lög Íranna og fært í nýjan búning. „Við spilum á fiðlu, gítar, harmonikku, bothrán-trommu og hörpu.“ Í Rósinni okkar eru: Rósa Jóhannesdóttir, Skarphéðinn Haraldsson, Ari Agnarsson, Sólveig Thoroddsen og Kristján Kristmannsson. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30, en Næsti bar er gegnt Íslensku óperunni.

Fræði

Krunkað um Jónas á Hrafnaþingi



TÍMARITIÐ Hrafnaþing er nýkomið út og er að þessu sinni helgað Jónasi Hallgrímssyni. Baldur Hafstað skrifar grein um Jónas og þýsku rómantíkina, Loftur Guttormsson um Jónas og Íslandslýsingu Bókmenntafélagsins. Ragnar Ingi Aðalsteinsson fjallar um stuðlasetningu í ljóðum Jónasar og Þórður Helgason um sögu bragarháttar. Fleiri fróðlegar greinar eru í ritinu. Hrafnaþing er gefið út af Kennaraháskóla Íslands og kemur út árlega. Ritstjórar eru Anna S. Þráinsdóttir, Baldur Hafstað og Baldur Sigurðsson.

Myndlist og arkitektúr

Völundarhús Gjörningaklúbbsins


Frá sýningu Gjörningaklúbbsins.

Á SÝNINGU Gjörningaklúbbsins í Listasafni Reykjavíkur getur að líta ævintýralega innsetningu, þrívítt völundarhús. Umsjón með hönnun þess hafði arkitektinn Arnaldur Geir Schram. Á morgun kl. 17 verður málþing í safninu þar sem Arnaldur fjallar um samspil arkitektúrs og lista við tilurð sýningarinnar; hugmyndina að baki innsetningunni, þróun, hönnun, uppsetningu og samstarfið við Gjörningaklúbbinn. Að loknu erindi Arnaldar munu Gjörningaklúbburinn og Arnaldur sitja fyrir svörum um sýninguna.

Tíbrártónleikaröðin hefst með söng rússnesku stórsöngkonunnar Irinu Romishevskayu

Hefð og hugmyndaauðgi

SALURINN í Kópavogi er klár í vetrarslaginn, en eins og endranær er tónleikaröðin Tíbrá kjarni vetrardagskrárinnar. Að sögn Vigdísar Esradóttur verða um 34 tónleikar í Tíbránni í vetur og þar kennir fjölbreytni að vanda. Vigdís segir að fyrsti hápunktur vetrarins verði að sjálfsögðu opnunartónleikarnir á föstudagskvöld, en þar syngur rússneska dívan Irina Romishevskaya við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. „Romishevskaya var nemandi Galínu Pisraenko við Tsjaíkovskí akademíuna, en hún var nemandi Richters. Tengdamóðir Richters, eiginkona hans, Galína og Irina hafa allar fjórar kennt í sömu kennslustofu við þennan skóla. Þannig mætti ætla að við fengjum hefðina beint í æð, en Irina Romishevskaya er ein mesta mezzósöngkona Rússa í dag,“ segir Vigdís.

Margir söngtónleikar

Það er áberandi í vetrardagskránni að nokkur tækifæri gefast til að heyra heildarflutning verka. Franski píanóleikarinn Désiré N'Kaoua leikur öll píanóverk Ravels síðar í mánuðinum, í október leikur Albert Mamriev allar umritanir Liszts á verkum Wagners og Simon Smith leikur öll píanóverk Hafliða Hallgrímssonar í mars. Söngtónleikar verða margir í Tíbránni í vetur, bæði með erlendum stórstjörnum og ungum íslenskum söngvurum. Í hópi þeirra fyrrnefndu eru söngstjörnur Lettnesku óperunnar: Kristine Gailite, Viesturs Jansons og Martins Zilberts, en í hinum Gissur Páll Gissurarson, Margrét Hrafnsdóttir, Hrafnhildur Björnsdóttir og fleiri. Auður Gunnarsdóttir og Bergþór Pálsson syngja með Jónasi Ingimundarsyni á fullveldistónleikum Salarins 1. desember, en tónleikarnir verða helgaðir Jóni Ásgeirssyni tónskáldi. Jónas Hallgrímsson verður líka heiðraður með sérstökum afmælistónleikum þar sem flutt verða lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð hans. Meðal annarra Tíbrársöngvara í vetur eru Viðar Gunnarsson, Arndís Halla Ásgeirsdóttir, Lubov Stuchevskaya og Tómas Tómasson.

Nokkrir góðkunningjar Salarins vitja hans aftur í vetur, þar á meðal píanóleikarinn Lene Circene sem leikur í nóvember, og Jory Vinikour, sem á sínum tíma vígði sembal Salarins. Pétur Grétarsson, Kristjana Stefánsdóttir og fleiri verða með tvenna tónleika í vetur, Söngbók djassins. Þeir fyrri verða með söng-lögum Richards Rodgers, en eftir áramót verður gluggað í söngbók Coles Porters.


Nánari upplýsingar um Tíbrá og aðra tónleika má finna á vef Salarins.

Í HNOTSKURN

» **Tónleikaröðin Tíbrá hefur verið burðarásinn í starfsemi Salarins frá upphafi.**

» **Tíbrá er fjölbreytt tónleikaröð, með áherslu á sígilda tónlist.**

» **Frá opnun Salarins í janúar 1999 hafa verið haldnir hátt á þriðja hundrað Tíbrártónleikar og skipta flytjendur hundruðum.**



Í heimsókn hjá Klöru

Í NÓVEMBER kemur Stephanie Wendt píanóleikari í Salinn með sviðsetta dagskrá; hún fer í heimsóksn til Klöru Wieck og Róberts Schumanns, og leikur uppáklædd verk eftir þau og heimilisvininn Jóhannes Brahms.

TENGLAR

www.salurinn.is



Múlinn býður upp á fimmtán tónleika vetrardagskrá

Beint af augum í kvöld

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

DJASSKLÚBBURINN Múlinn hefur vetrarstarf sitt með tónleikum á Domo í Þingholtsstræti í kvöld.

Dagskrá vetrarins er að vanda fjölbreytt og segja aðstandendur klúbbsins það vera til marks um þá miklu grósku sem einkenni íslenskt djasslíf. Fimmtán tónleikar eru á vetrardagskránni, en að auki hefst fyrsta tónleikakvöld hvers mánaðar á hinum vinsælu Söngvaskáldakvöldum Domo, á undan Múladagskránni. Þar koma fram ungir og upprennandi lagahöfundar sem flytja sönglög sín ásamt hljómsveit.


Jón Páll Bjarnason

Á tónleikum Múlans í kvöld leikur hljómsveitin *Straight Ahead Quartet*. Hljómsveitina leiða gítarsnillingarnir Jón Páll Bjarnason og Andrés Þór Gunnlaugsson, en með þeim leika Þorgrímur Jónsson á bassa og Einar Valur Scheving á trommur. Eins og nafn hljómsveitarinnar gefur til kynna þá verður á dagskránni meginstefnu-djass og leika þeir félagarnir vel valda standarda á sinn hátt og beint af augum. Múlafólk lofar eðal-djassgítarveislu, þar sem kynslóðabilið verður brúað. Tónleikarnir hefjast að þessu sinni kl. 22, en Söngvaskáldakvöldið kl. 20.30 og er þúsund króna aðgangseyrir.

Í HNOTSKURN

» **Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar.**

» **Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta djassgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Árnasyni, sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans.**